



6. nóvember 2024
Tilvísun: 2411013

Nefndasvið Alþingis
umsagnir@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hækkun á kvóta Íslands hjá
Alþjóðagjaldeyrissjóðnum

Með tölvupósti dags. 4. nóvember sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að samþykka hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, mál nr. 35.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórnin fái heimild til þess að samþykka hækkun kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem leiðir af 16. almennu endurskoðun heildarkvóta sjóðsins sem samþykkt var í stjórn og sjóðsráði hans. Hún fól í sér hækkun kvóta allra aðildarríkjanna um 50%. Seðlabankinn, sem fer skv. lögum um bankann með fjárhagsleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir hönd ríkisins, skuli jafnframt leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvóta Íslands. Ísland geti þannig uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum sem aðildarríki hans. Sambærileg frumvörp hafa verið lögð fram á Alþingi við fyrri almennar endurskoðanir á kvóta sjóðsins.

Með ákvörðuninni um hækkun heildarkvóta var aðildarríkjunum veittur frestur til 15. nóvember 2024 til að staðfesta hana og að greiða inn þá fjárhæð sem nemur kvótahækkuninni.

Líkt og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fjármagnaður með kvótaframlögum aðildarríkjanna. Kvótar ákvarða m.a. útlánagetu sjóðsins og hve há lán aðildarríki hans geta fengið auk þess að ráða atkvæðavægi þeirra innan sjóðsins.

Seðlabanki Íslands styður eindregið samþykkt frumvarpsins og leggur mikla áherslu á að málið nái fram að ganga til að Ísland geti uppfyllt skuldbindingar sínar gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum innan settra tímamarka.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri

Ragnheiður Jónsdóttir
sérfræðingur

